

Ályktun stjórnar Kennarasambands Íslands vegna frumvarps til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum

Stjórn Kennarasambands Íslands er auk formanns skipuð fulltrúum Félags framhaldsskólakennara, Félags grunnskólakennara, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum, Félags tónlistarskólakennara og Skólastjórufélags Íslands

Á fundi sínum föstudaginn 12. nóvember 2004 gerði stjórn Kennarasambands Íslands eftirfarandi samþykkt:

Stjórnin lýsir andstöðu sinni við efni frumvarps til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Frumvarpið felur í sér afarkosti fyrir félagsmenn Kennarasambands Íslands í grunnskólum og lýsir algeru skilningsleysi á kjörum og högum grunnskólakennara og skólastjórnenda.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum hefur samningsrétturinn verið hrifsaður af kennurum með ofbeldisfullum hætti og þeir sendir nauðugir inn í skólana með óbreytt laun og starfskjör til vors 2005. Slíkt hefði ófyrirsjáanleg áhrif á skólastarf í grunnskólum landsins og varar stjórn KÍ sterklega við því að fara þessa leið.

Stjórn KÍ telur eftirfarandi atriði í frumvarpinu stórlega ámælisverð og til þess fallin að gera vonda stöðu verri:

- Stjórnin telur það hreina firru að reyna að þvinga félagsmenn KÍ í grunnskólum til vinnu á ný eftir margra vikna verkfall án þess að strax komi til hækkun launataxta.
- Stjórnin telur tilgangslaust að veita samningsaðilum frest fram til 15. desember 2004 til þess að ná samningi. Með frumvarpinu er tekinn tekinn af launamönnum lögbundinn réttur þeirra til þess að fylgja eftir kröfum sínum og því lítil hvati fyrir vinnuveitendur að ganga til samninga.
- Stjórnin mótmælir því sérstaklega að gerðardómi verði gefinn tími allt til marsloka 2005. Samningsaðilar höfðu þegar komist að niðurstöðu um mikilvæga þætti nýs kjarasamnings sem nýta má í vinnu dómsins.
- Stjórn KÍ telur efnisatriði frumvarpsins um gerðardóm ekki tryggja að tekið verði mið af sérstöðu vinnuumhverfis kennara og sérkennum kennarasamninga.

Stjórn KÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða frumvarpið með það að leiðarljósi að kennarar verði ekki sendir inn í grunnskólana með óbreytt kjör og að tímafrestir verði styttnir þannig að öllu málinu verði lokið fyrir áramót.

Reykjavík 12. nóvember 2004

Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir, Finnbogi Sigurðsson, Sesselja Sigurðardóttir, Hanna Hjartardóttir, Þorbjörg Jóhannsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Helga Jónsdóttir, Sigrún Grendal, Hermann Tómasson og Ingibergur Elíasson.